

Frægð Snorra

I.

ÞAÐ ER RJETT, þegar sagt er, að Heimskringla Snorra þyrfti að vera til á hverju heimili hér á landi (og vera lesin). Og ófæð mun hin fyrirhugaða útgáfa með norsku myndunum, greiða fyrir því að svo verði.

Hin stórkostlega íslenska, sem er á ritum Snorra Sturlusonar, á ekki sinn líka, og hefir þó svo vanmetin verið, að til skamms tíma þektu jafnvel ekki hinir allrafærustu íslenskumenn og norrænufræðingar Snorramál. Má þetta marka t. d. af því, að annar eins maður og Björn Ólsen, skyldi geta látið sjer til hugar koma, að Snorri hefði samið sögu föður síns. — Er málið á þeirri sögu gerólikt íslensku Snorra, einsog jeg hefi nægilega sýnt fram á í þeim kafla Framnýals, sem heitir „Höfundarmark á Íslendingasögum“. Annar höfuðskörungur íslenskra fræða, Finnur Jónsson, hefir í bókmentasögu sinni, 1904—5, s. 244, um Eglu þau orð, að hún sje „prýðilega rituð“ og á „framúrskarandi góðu máli“, og bætir svo við: „Það væri freistandi að geta þess til, að enginn annar en Snorri væri höfundur sög-

unnar“. En þó telur hann það „alls óvist“ og „ósannanlegt“. En því fer fjarri að svo sje. Hitt væri sönnu nær, að segja, að telja megí vist, að Snorri sje höfundur Egils sögu. Málfarið (stillinn) er nærri því eins ein-kennandi fyrir manninn og gómfarið, ef aðeins nógu vel er athugað. Sem lítið dæmi um hvað er Snorramál, má nefna þetta. Jeg hefi fundið, að orðið „feginsamlega“ kemur átta sinnum fyrir í Heimskringlu, en sex sinnum í Eglu, aldrei í Njálu, Eyrbyggju, Ljósvetningasögu, Vatnsdælu, og enn mörgum sögum öðrum. — Í eitt skifti kemur það fyrir í Laxdælu, Grettlu, og Króka-refssögu; en er í þeim sögum vitanlega ekki frumlegt.

II.

ÞESSI snildarrit Snorra, sem meir er að þakka en nokkurs eins manns verki annars, að íslenska forntungan er ennþá lifandi mál, og auk þess stórmikla þýðingu hafa haft fyrir önnur Norðurlönd, o. fl. voru þó ekki meira metin um daga höfundarins, en svo, að hefði hann ekki haft annað til síns ágætis en það, að vera einn af allra-merkilegustu sögu- og ritsnillingum allra tíma, mundum vjer sennilega tæpast vita, að hann hefði verið til. Þrátt fyrir hið háa menningarstig þjóðarinnar í þeim eignum, voru menn þó svo sljóir gagnvart einmitt því, sem allra-merkilegast var, að þeim þótti ekki taka því að nefna það. Og ekki er mjer grunlaust, að líkt mundi geta farið enn, þó að eitthvert andlegt verk í allra-þýðingarmesta lagi, væri hjer unnið.

III.

ÞÓ AÐ Snorri Sturluson sje nú löngu orðinn frægastur allra íslenskra ritsnillinga, þá er hann samt ekki nándar nærri því eins frægur og maklegt er. Enginn hinna grísku og rómversku sögusnillinga jafnast á við Snorra, og eru þeir þó miklu frægri. Og þarf nú raunar ekki að taka fram hvað það er, sem þar um hlýtur að valda miklu.

Vilji menn sannfærast um, að mikið vantar enn á, að Snorri sje að verðleikum metinn, þá skulu þeir koma í hið fræga bókasafn í Uppsölum, þar sem er til sýnis á sama stað, Edda Snorra á skinni, og hin gotneska biblíuþýðing Úlfilas biskups. Jeg var þarna staddur eitt hvert sinn, þegar þar var margt manna, og var ekki torvelt að sjá, hvort handritið þótti merki-legra. Voru þeir fáir, sem nokkurn gaum gáfu Edduhandritinu, en hinir aftur margir, sem af auðsæum áhuga, virtu fyrir sjer hina gotnesku skinnbók. Og þetta var þó í Svíþjóð, þar sem mjer virtist virðingin fyrir norrænni fortíð til muna-meiri en annarsstaðar á Norðurlöndum.

24. febr.

Helgi Pjeturss.